



Dagsetning: 14. október 2023
Málsnúmer: 2309152/2.0

Til mannvirkja- og veitunefndar

MINNISBLAÐ

Lagðar eru til breytingar á gjaldskrá fráveitu umfram 5,8% hækkun og breytu orðalagi á 5.gr gjaldskrá fráveitu.

Almennt fráveitugjald sem innheimt er með fasteignagjöldum hækkar úr 0,275% í 0,3232% af fasteignamati mannvirkis eða um 17,5%. Markmiðið með breytingunni er að hækka tekjur fráveitu þannig að hún hafi um 50 m.kr. árlega til fjárfestinga. Á sama hátt verður vatngjald lækkað þannig að áhrifin verða að meðaltali sem engin á einstaka greiðendur fasteignagjalda þ.e. samtala vatns- og fráveitugjalda.

Tæming rotþróa hækkar um 6,06% miðað við byggingarvísitölu september 2023 til september 2024.

Tillaga að breyttu orðalagi 5.gr.

Fjarðabyggð er að rukka lægra gjald en gerist og gengur fyrir nýjar heimtaugar miðað við aðrar veitur. Einnig er engin trygging fyrir fráveituna ef tengigjald stendur engan vegin undir kostnaði. Því leggur undirritaður til að bættu verði við neðst í 5.gr. sambærilegt klásúla því sem er í gjaldskránni annara fráveitna.

Einnig að texta verði breytt og eitt gjald verði fyrir 100-150mm lagnir. Ef óskað er eftir stærri tengingu þarf að hafa samband við veituna og ákveða verð í samráði við hana.

Gjald fyrir 100-150mm heimtaug er lagt til að hækki um 110%

Tillagan er svohljóðandi af nýrri 5.gr:

5. gr.

Stofngjald fráveitu

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Fjarðabyggðar og skráðar eru í fasteignamat. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis. Verð miðast við skólplögn og regnvatnslögn (100-150mm) sem lögð er að lóðamörkum.

Tengigjald vegna nýtengingar fráveitu við einstaka fasteign er 267.542 kr.



Gert er ráð fyrir að fjölbýlishús, par- og raðhús o.s.frv. sé með óskipta lóð og einungis ein tenging er fyrir hverja lóð. Sé óskað eftir fleiri tengingum inn á lóð greiðist það skv. Raunkostnaði.

Sé sótt um stærri heimlögn en getið er um hér að ofan þarf að snúa sért til veitna Fjarðabyggðar með fyrirspurn um verð. Sama á við t.d. í þéttingu byggðar í grónum hverfum þar sem tenging er ekki til staðar eða efastæður eru óvenju erfiðar þannig að ætla má að tengikostnaður sér úr takti við almennar tengingar

Hér er 5. gr. nógildandi gjaldskrár Fjarðabyggðar auk fleiri sveitarfélaga

Fjarðabyggð

5. gr.

Stofngjald fráveitu.

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Fjarðabyggðar og skráðar í fasteignamat. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis. Verð miðast við skólplögn og regnvatnslögn (100-200 mm) sem lögð er að lóðamörkum.

5.1 Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimæð 100-150 mm	127.401 kr.
5.2 Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimæð 150-200 mm	254.797 kr.

Gera þarf sérstakt samkomulag vegna stærri tengingar.

Múlaþing

2. gr.

Eiganda eða réttihafa fasteignar sem tengst getur fráveitu Múlaþings ber að greiða gjald fyrir tengingu við veituna, sbr. 13. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldið stendur undir kostnaði við tengingar fráveitu og tekur mið af gerð, stærð og lengd tenginga. Með tengigjaldi er innheimt hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum á starfssvæði veitunnar skal greiða tengigjald sem hér segir:

100–149 mm tenging (allt að 20 m löng, frá stofnlögn að lóðamörkum)	260.300 kr.
150–200 mm tenging (allt að 20 m löng, frá stofnlögn að lóðamörkum)	314.400 kr.

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða tenging er lengri en 20 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við veituna.

Rangárþing ytra



2. gr.

Stofngjald fráveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Einbýlishús	100%	260.548,- kr. pr. íbúð.
Par- rað- tvíbýlis- og keðjuhús	85%	221.465,- kr. pr. íbúð.
Fjölbýlishús	50%	130.274,- kr. pr. íbúð.
Mannvirki önnur en íbúðir	0,6%	1.563,- kr. pr. m ²

Fermetrafjöldinn (m²), sem lagður er til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu fyrir önnur mannvirki en íbúðir er margfeldið af lóðarstærð og nýtingarhlutfalli lóðar eins og viðkomandi deiliskipulag segir fyrir um. Sýni deiliskipulag að nýtingarhlutfall lóðar megi vera á ákveðnu bili þ.e.a.s. að gefið sé upp lágmarks og hámarks nýtingarhlutfall þá skal meðaltal hámarks og lágmarks nýtingarhlutfalls lagt til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu.

Af viðbyggingum við eldri hús, önnur en íbúðarhús, þar sem deiliskipulag er ekki til staðar, eru fermetrar (m²) viðbyggingar lagðir til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu kalli viðbyggingin á stofnframkvæmdir við fráveitulagnir.

Semja skal sérstaklega um stofngjald holræsa á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa eða þar sem lengd heimæðar er yfir 25 m og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða.

Svanur Freyr Árnason

Forstöðumaður veitna